



Hagvöxtur landshluta 2009-2013



**Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Byggðastofnun – þróunarsvið
Desember 2015**


Hagvöxtur landshluta 2009-2013

Unnið af Dr. Sigurði Jóhannessyni hjá Hagfræðistofnun Háskóla Íslands í samvinnu við Sigurð Árnason og Snorra Björn Sigurðsson á Þróunarsviði Byggðastofnunar
Útgefið í desember 2015

Mynd á forsíðu: Vetrarstilla í Mývatnssveit

Helstu niðurstöður

Í fyrsta sinn frá því að farið var að taka saman tölur um hagvöxt eftir landshlutum fyrir tæpum áratug er hlutur höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu meiri en 70%. Framleiðsla jókst meira á höfuðborgarsvæðinu en utan þess frá 2009 til 2013. Með öðrum orðum hélt sú framvinda áfram, sem var í gangi fram að hruni bankanna 2008. Árið 2013 var framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu um 5% meiri en 2009, ef marka má þá mælingu sem hér er kynnt, en framleiðsla stóð í stað í landsbyggðunum á sama tíma.¹ Óvissa er nokkur í tölunum. Aðrar vísbendingar um hagvöxt landshluta benda ekki allar í sömu átt. Tölur um mannfjölda virðast eindregið styðja niðurstöðurnar. Íbúum fjölgaði um 3% á höfuðborgarsvæðinu frá 2009 til 2013 meðan fólki fækkaði um eitt prósent í landsbyggðunum.² Launasumma, sem hreyfist jafnan miklu minna en framleiðsla frá einu ári til annars, jókst um það bil 1% meira á höfuðborgarsvæðinu frá 2009 til 2013 en utan þess. Á hinn bóginn fjölgaði starfandi fólki í landsbyggðunum samkvæmt úrtakskönnun Hagstofu um liðlega 5% frá 2009 til 2013, meðan því fjölgaði aðeins um rúmlega 3½% á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 1. Hagvöxtur landshluta 2009-2013.

var geysimikill uppgangur á Suðurnesjum fram að hruni bankanna. Sums staðar á Vestfjörðum má sjá batamerki. Mikil uppbygging í fiskeldi, einkallega á suðurfjörðum Vestfjarða hefur haft góð áhrif á atvinnulíf og íbúapróun. Vonir eru bundnar við að sú uppbygging eigi eftir að skila enn meiru. Af öllum landshlutum mældist langmestur hagvöxtur á Vesturlandi á árunum 2009 til 2013, eða 13%. Vöxtinn virðist einkum mega skýra með uppbyggingu stóriðju, annars iðnaðar og opinberrar starfsemi (sjá mynd hér á eftir). Athuga verður þó að gögn um mannfjölda og laun benda ekki til uppgangs á Vesturlandi undanfarin ár. Kann að vera varlegast að doka eftir fleiri gögnum áður en mikið er gert úr honum.


Mest dróst framleiðsla saman á Suðurnesjum og á Vestfjörðum frá 2009 til 2013, eða um 11-12%. Einkum virðist vera ástæða til þess að hafa áhyggjur af þróun mála á Vestfjörðum. Samtals hækkuðu launagreiðslur þar 10% minna en laun á landinu öllu. Á sama tíma fækkaði fólki á Vestfjörðum um 5%. Vísbendingar eru um að höfuðatvinnugreinin, sjávarútvegur, standi höllum fæti í þessum landshluta. Framleiðsla hefur lengi dregist saman á Vestfjörðum, eins og rakið verður betur hér á eftir, en á hinn bóginn

¹ Orðið landsbyggðir er hér notað um svæði utan höfuðborgarsvæðisins.

² Hér er miðað við meðaltalsfjölda í upphafi árs og árslok. Heimild: www.Hagstofa.is.

Tafla 1. Hagvöxtur eftir landshlutum 2009-2013.

	Höfuð- borgar- svæði	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Samtals
2010	-2%	-3%	-8%	-1%	-12%	0%	-4%	4%	-3%	-2%
2011	1%	5%	-3%	8%	-2%	2%	7%	7%	9%	2%
2012	4%	-4%	-12%	-1%	-4%	-3%	0%	-5%	-4%	1%
2013	2%	3%	12%	7%	8%	4%	0%	-5%	0%	3%
2009-2013	5%	0%	-12%	13%	-11%	4%	3%	1%	1%	4%



Mynd 2. Samsetning hagvaxtar 2009-2013.

Á höfuðborgarsvæðinu skýra verslun, hótél, veitingahús og samgöngur rúman helming vaxtar í framleiðslu frá 2009 til 2013. Það er ekkert nýtt að þjónusta beri upp hagvöxt í höfuðborginni, en nú hjálpar örugglega til að þetta er sú starfsemi sem ferðamenn nýta sér helst. Erlendum ferðamönnum hefur fjölgað mjög mikið hér á landi undanfarin ár eins og kunnugt er. Greinar sem tengja má ferðþjónustu vaxa líka mikið á Suðurnesjum, Norðurlandi og Suðurlandi. Fjármálaþjónusta, tryggingar og þess háttar hefur einnig eflst nokkuð á höfuðborgarsvæðinu. Utan höfuðborgarsvæðisins hefur fjármálastarfsemi hins vegar dregist saman frá 2009. Miklu munar um samdrátt í fjármálaþjónustu og skyldum greinum á Suðurnesjum, á Vestfjörðum, Norðurlandi vestra og á Suðurlandi. Sérstaklega vekur athygli samdráttur á þessu sviði á Suðurnesjum. Þar voru mikil umsvif í fjármálastarfsemi fram að hrúni bankanna og miklu fé var varið til þess að reisa Sparisjóðinn í Keflavík við, en sú tilraun tókst ekki. Samdráttur í sjávarútvegi virðist vera megin skyringin á falli framleiðslu á Vestfjörðum undanfarin ár, en þar hafa byggingar, fjármálaþjónusta og skyldar greinar einnig dregist mikið saman. Sjávarútvegur hefur vaxið utan höfuðborgarsvæðisins ef Vesturland og Vestfirðir eru undanskilin. Á Vesturlandi og Austfjörðum hefur stóriðja eflst. Rétt er að setja fyrirvara við sveiflur í opinberri starfsemi á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Umsvif opinberrar starfsemi breytast jafnan hægt og ekki er hægt að útiloka villur í gögnum.

Hvernig framleiðsla skiptist á atvinnugreinar

Atvinnugreinar eru missterkar eftir því hvaða landshluta horft er á. Þjónustugreinar eru um 80% framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu, en 55% í landsbyggðunum. Hins vegar er sjávarútvegur 16% framleiðslu í landsbyggðunum, en aðeins 2% þess sem framleitt er á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru 12% framleiðslu í landsbyggðunum í stóriðju og veitum, en 5% í höfuðborginni og 3% framleiðslu í landsbyggðunum eru í landbúnaði, en landbúnaður er nánast enginn á höfuðborgarsvæðinu. Sjávarútvegur er enn stærsta atvinnugreinin á Vestfjörðum og Austfjörðum, en mest munar um stóriðju í framleiðslu á Vesturlandi og á Austurlandi. Landbúnaður er stór hluti af framleiðslu á Suðurlandi og á Norðurlandi vestra, en annars staðar skiptir þessi atvinnugrein minna máli.

Tafla 2. Skipting framleiðslu eftir atvinnugreinum og landshlutum 2013.


	Höfuð- borg	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Landið allt
Landbúnaður	0%	3%	0%	2%	4%	8%	3%	2%	8%	1%
Stóriðja, veitur	5%	12%	7%	31%	6%	5%	5%	21%	5%	7%
Fjármál, trygg. o.þ.h.	41%	21%	27%	13%	17%	17%	26%	16%	23%	35%
Verslun, hótél, veit.,samgöngur	24%	15%	26%	10%	13%	18%	15%	10%	15%	22%
Sjávarútvegur	2%	16%	12%	13%	24%	11%	14%	25%	16%	6%
Byggingar	5%	6%	8%	4%	5%	7%	6%	5%	7%	5%
Annar iðnaður	7%	7%	6%	9%	8%	7%	9%	7%	6%	7%
Opinber þjónusta	16%	19%	15%	18%	24%	26%	23%	13%	20%	17%
Samtals	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%

Árið 2013 var 71% af allri framleiðslu á landinu á höfuðborgarsvæðinu. Hluttur höfuðborgarinnar er yfirgnæfandi í þjónustu, en sjávarútvegur, landbúnaður og stóriðja og veitur eru einu atvinnugreinarnar þar sem hluttur landsbyggðanna í landsframleiðslu er helmingur eða meira. Tæp 40% framleiðslu í landbúnaði er á Suðurlandi, en önnur framleiðsla sem er öflug í landsbyggðunum dreifist jafnar. Athygli vekur þó að hluttur Vestfjarða í sjávarútvegsframleiðslu fór úr 8% 2009 í 6% árið 2013. Afkoma virðist hafa verið lakari í þessari atvinnugrein á Vestfjörðum árin 2012 og 2013 en í öðrum landshlutum.

Tafla 3. Skipting framleiðslu eftir landshlutum og atvinnugreinum 2013.

	Höfuð- borg	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	
Landbúnaður	6%	94%	1%	12%	5%	12%	18%	7%	39%	100%
Stóriðja, veitur	50%	50%	5%	22%	1%	1%	5%	12%	4%	100%
Fjármál, trygg. o.þ.h.	83%	17%	4%	2%	1%	1%	5%	2%	3%	100%
Verslun, hótél, veit.,samgöngur	80%	20%	6%	2%	1%	1%	4%	2%	4%	100%
Sjávarútvegur	22%	78%	10%	11%	6%	3%	16%	17%	15%	100%
Byggingar	67%	33%	8%	3%	1%	2%	8%	4%	6%	100%
Annar iðnaður	70%	30%	4%	6%	2%	2%	8%	4%	4%	100%
Opinber þjónusta	68%	32%	4%	5%	2%	3%	9%	3%	6%	100%
Alls	71%	29%	5%	5%	1%	2%	7%	4%	5%	100%


Langtímavöxtur



Mynd 2. Vísbendingar um hagvöxt 2000-2013.

Þrjú landshlutar standa upp úr þegar horft er á allt tímabilið: Vesturland, Austurland og höfuðborgarsvæðið. Á Vesturlandi og Austfjörðum er uppbygging stóriðju meginstyrkingin á miklum hagvexti. Þá má nefna að Hvalfjarðargöng, sem opnuð voru 1998, stytta leiðina frá Vesturlandi til höfuðborgarsvæðisins. Þau eiga að líkindum drjúgan þátt í vexti byggðar á Akranesi og í sunnanverðum Borgarfirði undanfarin ár.

Vöxtur er undir 10% í tveim landshlutum, á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra og á Norðurlandi eystra er vöxturinn rétt rúm 10%. Á Norðurlandi eystra er sem kunnugt er öflugasti byggðarkjarni landsins, utan höfuðborgarsvæðisins. Í því ljósi kemur á óvart hvað hagvöxtur virðist vera lítill þar.



Mynd 3. Fólksfjölgun eftir landshlutum 2000-2013.

öldinni, þrátt fyrir brottför bandaríks herliðs 2006. Þar mældist afar mikill hagvöxtur á tímabili, eins og sjá má í fyrri útgáfum hagvaxtar eftir landshlutum, en bakslag kom í umsvifin eftir bankahrunið 2008. Hagstofan birtir líka á heimasíðu sinni tölur um fjölda starfandi fólks á höfuðborgarsvæðinu og utan þess. Starfandi fólki á höfuðborgarsvæðinu fjölgaði um 18% frá 2000 til 2013, en aðeins um 2% í landsbyggðunum. Þessar tölur eru í góðu samræmi við hagvaxtartölurnar. Einnig voru bornar saman launagreiðslur eftir landshlutum árið 2000 og 2013. Þessar tölur passa ekki jafnvel við hagvaxtartölurnar. Launasumman hækkar að vísu minnst á

Byggðastofnun og Hagfræðistofnun hafa skoðað hagvöxt eftir landshlutum frá 2006. Horft hefur verið á nokkur ár í einu og því strangt til tekið ekki rétt að tengja hagvaxtartölur saman yfir öll árin. Hér er þó gerð atлага að því og hagvöxtur metinn gróflega frá aldamótum til ársins 2013. Á þessum tíma jókst framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu um tæp 50%, en framleiðsla í landsbyggðunum um tæp 30%.

Fróðlegt er að bera þessar tölur saman við aðrar vísbendingar um hagvöxt. Mannfjölgun er í ágætu samræmi við hagvaxtartölurnar hér að framan. Fólki fjölgar að vísu minna á Vesturlandi og á Austfjörðum en ráða má af hagvaxtartölum, en hafa ber í huga að þar stafar hagvöxtur að miklu leyti af vexti í stóriðju, sem er fjármagnsfræk, en fjármagnið er erlent og arður af því fer úr landi. Fólki fjölgaði mikið á Suðurnesjum framan af

Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en aðrar launahækkunartölur eru ekki líkar tölum um hagvöxt, fólksfjölgun og fjölgun starfa. Ef marka má þessa heimild hækkaði launasumman álíka mikið á höfuðborgarsvæðinu og utan þess á árunum 2000 til 2013. En þess ber að gæta að launatölur fyrir árið 2000 eru af vef Hagstofu en þær síðari beint frá Ríkisskattstjóra. Ekki er víst að þær séu alveg sambærilegar.

Framleiðsla á mann eftir landshlutum

Framleiðsla á mann er meiri á höfuðborgarsvæðinu en annars staðar. Það er ein af skýringunum á straumi fólks þangað undanfarna áratugi (sjá kaflann hér á eftir). Hafa ber í huga þegar Tafla 4 er skoðuð að atvinnugreinar eru misfrekar á fjármagn. Mikið fé er bundið í stóriðju, sem er öflug á Vesturlandi og á Austfjörðum, og arður og vextir af því renna úr landi. Tölurnar eru á föstu verðlagi ársins 2005. Víðast hvar breytast þær hægt frá ári til árs. Mest vaxa tekjur á mann á Vesturlandi, líkast til að stórum hluta vegna vaxandi umsvifa í stóriðju. Þá falla tekjur á mann á Suðurnesjum, en afkoma fyrirtækja í fjármálaþjónustu og fasteignarekstri var mjög slæm í þessum landshluta um tíma.

Tafla 4. Framleiðsla á mann 2009-2013, milljónir króna á verðlagi 2005.

	Höfuð- borg	Lands- byggð	Suðurnes	Vestur- land	Vestfirðir	Norður- land vestra	Norður- land eystra	Austur- land	Suður- land	Alls
2009	3,4	2,5	2,7	2,9	2,3	2,2	2,2	3,1	2,1	3,1
2010	3,4	2,4	2,6	2,9	2,1	2,2	2,2	3,3	2,1	3,0
2011	3,4	2,6	2,5	3,1	2,1	2,2	2,3	3,5	2,3	3,1
2012	3,5	2,5	2,2	3,1	2,0	2,2	2,3	3,3	2,2	3,1
2013	3,5	2,5	2,4	3,3	2,2	2,3	2,3	3,2	2,2	3,2

Framtíð þéttbýlis og strjálbýlis

Nú eiga tveir þriðju íbúa í ríkjum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, heima í borgum með 50 þúsund íbúum eða fleiri. Ekki er alveg ljóst hvar draga skal mörk Reykjavíkur samkvæmt skilgreiningu OECD, en í upphafi árs 2015 áttu um 64% Íslendinga heima á svæðinu frá Hafnarfirði í suðri til Mosfellssveitar í norðri. Hlutfallið fer yfir 70% ef áhrifasvæði borgarinnar upp í sunnanverðan Borgarfjörð og austur að Þjórsá er talið með. Um allan heim vaxa borgir hraðar en önnur byggðarlög. OECD gerir ráð fyrir að árið 2050 eigi um 70% íbúa OECD-landanna heima í borgum.³ Skýringarnar liggja í atvinnutækifærum, góðum tekjum og fjölbreyttri þjónustu. Árið 2012 áttu 48% íbúa OECD heima í stórborgum með hálfri milljón íbúa eða fleiri, en þar urðu til 56% af allri framleiðslu OECD. Með öðrum orðum er framleiðsla á mann nálega 40% meiri í þessum stóru borgum en annars staðar.⁴ Á Íslandi var framleiðsla á mann á höfuðborgarsvæðinu um 40% meiri en utan hennar árið 2013, samkvæmt mælingunni sem hér er kynnt. Margt getur skýrt mikla framleiðslu á mann í þéttbýli, til dæmis að mikið fjármagn sé þar að baki hverjum starfsmanni. En því er einnig oft haldið fram að framleiðni sé meiri í þéttbýli en í dreifbýli. Fyrirtæki geta valið úr fjölbreyttum hópi starfsmanna í borgum og þar er einfaldara að fá vinnu sem passar við hæfileika fólks og áhugamál en í fámennari byggðarlögum. Á seinni árum er mun auðveldara að flytja vörur en áður, en áfram er dýrt að flytja fólk. Strjálbýli getur verið hemill á framgang atvinnugreina.

Auðlindir ráða líka miklu um það hvar fólk sest að. Nálægð við fiskimið er grundvöllur sjávarbyggða og tún og beitarlönd eru undirstaða landbúnaðar. En jafnvel í þessum greinum skiptir líka máli að vera nálægt fjölmönnum mörkuðum og samgönguæðum – og mikilvægi þess fer sennilega vaxandi. Sjávarþorp á Vestfjörðum nutu þess lengi að vera nálægt fiskimiðum en undanfarnin ár hefur sjávarútvegur dregist saman í þessum landshluta. Þar ræður fjarlægð frá

3 OECD, Regions at a Glance 2013, bls. 28.

4 OECD, Regions at a Glance 2013, bls. 31.


útflutningshöfnum, Keflavíkurflugvelli og mörkuðum hér á landi miklu. Í sjávarútvegi og landbúnaði fækkar fólki líka vegna tækniframfara. Framleiðni á mann vex hratt í þessum greinum. Á hinn bóginn er líklegt að þeim fjölgi sem vinna við þjónustu við ferðamenn um allt land á komandi árum. Hér er auðlindin einkum sérstætt landslag og gróðurfar, auk skemmtilegs mannlífs.

Meðal þess sem hægir á straumi fólks til höfuðborgarsvæðisins er ódýrt húsnæði í landsbyggðunum. Fleiri njóta þess reyndar en íbúarnir sjálfir, því að í sumum byggðarlögum eru 20% húsnæðis eða meira í eigu utanbæjarfólks, sem notar það til frístundadvalar. Þessi eftirspurn hefur að sjálfsögðu áhrif á húsnæðisverð. Sums staðar er spornað við verðhækkun húsnæðis með því að krefjast þess að húseigendur búi á staðnum (d./n. bopælspligt). Þannig helst húsnæðisverð enn lægra en ella og húsnæðiskostnaður heimamanna minnkar. En slíkar reglur torvelða íbúum að sjálfsögðu að flytja á brott og því er óvíst að þær yrðu vinsælar í byggðum Íslands. Ekki má heldur gleyma því að aðkomufólk eflir mannlíf meðan það er á staðnum og nærvera þess styður við verslun og aðra þjónustu.

Höfuðborgarsvæðið


Framleiðsla jókst heldur meira á höfuðborgarsvæðinu en á landinu öllu á árunum 2009 til 2013. Sú hefur reyndar verið raunin í áratugi, en brot varð í framvindunni árið 2008 þegar bankarnir hrundu. Hlutur höfuðborgarsvæðisins í landsframleiðslu er núna kominn yfir 70%. Hagvöxtur á höfuðborgarsvæðinu undanfarin ár virðist vera að stórum hluta borinn uppi af geysimikilli fjölgun ferðamanna. Aðdráttarafl höfuðborgarsvæðisins má meðal annars lesa úr fasteignaverði, sem var árið 2013 50% til 200% hærra en í öðrum landshlutum (rétt er að hafa í huga að húsnæðið sem liggur að baki þessum tölum er misgamalt). Fólki fjölgaði meira á höfuðborgarsvæðinu en í landsbyggðunum frá 2009 til 2013, en launasumma hækkaði álíka mikið og utan höfuðborgarinnar. Á hinn bóginn fjölgaði starfandi fólki þó meira í landsbyggðunum árin 2009-2013, samkvæmt úrtakskönnun Hagstofunnar.

Framleiðsla á höfuðborgarsvæðinu dróst saman árið 2010, eins og raunar á landinu öllu, en önnur ár var hagvöxtur yfir núlli. Vöxturinn var á bilinu frá rúmu prósentu og upp í tæp 4%. Mestur var vöxturinn árið 2012 og það er reyndar eina árið þar sem hann var svo nokkru næmi meiri en í landsbyggðunum. Höfuðborgarsvæðið er að rétta sig af eftir áfallið 2008, en vöxturinn er þó ekki meiri en búast má við í meðalári.



Þjónustugreinar eru um fjórir fimmtu allrar framleiðslu á höfuðborgarsvæðinu. Þrátt fyrir áfall árið 2008 eru bankar, tryggingar, fasteignafélög og önnur þjónusta um 40% framleiðslunnar árið 2013 og er það svipað hlutfall og 2009. Hlutfall verslunar, hótela, veitinga og samgangna óx úr 22% í 24% á þessu tímabili og má vafalaust tengja það vexti í ferðaþjónustu. Vægi annarra atvinnugreina í framleiðslu breyttist ekki mikið á árunum 2009-2013.

Hagvöxtur 2009-2013



Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2013


Tölur um skiptingu launa á atvinnugreinar gefa hugmynd um það hvar fólk vinnur. Hér veða fjármagnsfrekar greinar minna en í framleiðslu. Hlutfall fjármálaþjónustu, trygginga, fasteignafélaga og annarrar þjónustu af launasummunni var rúmur fimmtungur árið 2013 og hlutur opinberrar þjónustu tæpur þriðjungur. Hlutfall verslunar, hótela, veitinga og samgangna var tæplega 30%. Hlutfall opinberrar þjónustu af launum dróst saman frá 2009 til 2013 og hlutfall verslunar, hótela veitingahúsa og samgangna fór heldur vaxandi, en annars breyttist hlutur atvinnugreina af launum ekki mikið.

Landsbyggðir


Framleiðsla breyttist lítið utan höfuðborgarsvæðisins frá 2009 til 2013. Hluttur landsbyggðanna í landsframleiðslu var tæp 30% árið 2013. Sveiflur hafa verið nokkrar í framleiðslunni. Nokkur hagvöxtur var 2011 og 2013, en framleiðsla dróst saman 2010 og 2012. Fólki fækkaði heldur í landsbyggðunum á tímabilinu sem hér er skoðað, en störfum fjölgaði þó um 5% ef marka má úrtakskönnun Hagstofu. Aðra hugmynd um fjölda starfa má fá með því að skoða summu launa í landsbyggðunum. Hún hækkaði álíka mikið og laun á landinu öllu á þessu tímabili. Uppgangur var í sjávarútvegi, stóriðju, verslun, samgöngum, veitingum og hótélrekstri, öðrum iðnaði og landbúnaði, en á móti kom töluverður samdráttur í fjármálastarfsemi og skyldum greinum og byggingum.

Framleiðsla er allt öðruvísi samsett utan höfuðborgarinnar en á höfuðborgarsvæðinu. Sjávarútvegur og stóriðja eru burðargreinar, samtals með tæp 30% af framleiðslunni. Hlutfall beggja hefur vaxið frá 2009. Bankastarfsemi og skyldar greinar eru rúm 20% framleiðslunnar og er hlutdeildin aðeins helmingur þess sem er á höfuðborgarsvæðinu. Hluttur opinberrar þjónustu er stærri en á höfuðborgarsvæðinu, eða 19% á móti 16% í höfuðborginni. Landbúnaður er aðeins stundaður að nokkru ráði utan höfuðborgarsvæðisins, en hlutdeild hans í framleiðslu er þó aðeins 3-4%.

Stöðu landsbyggðanna má meðal annars meta með því að skoða fasteignaverð. Þar sem fasteignaverð er hæst í landsbyggðunum er það 64% af verði á höfuðborgarsvæðinu, en lægst er það 31% af verði þar. Hér er horft á staðgreiðsluverð á fermetra í viðskiptum með allar íbúðir, sem eru misgamlar og af ýmsu tagi. Dýrast er húsnæði á Norðurlandi eystra, þar sem er stærsti byggðakjarninn utan höfuðborgarinnar. Allar tölurnar eru meðaltöl af misleitum svæðum. Yfirleitt má segja byggð í þéttbýli standi traustari fótum en í strjálbýli á þennan mælikvarða og stór þéttbýlissvæði standi betur en smá. Höfuðborgin á þátt í vexti byggðar í 70 kílómetrafjarlægð. Vöxtur Akureyrar styrkir byggð í Eyjafirði með fjölbreyttum atvinnutækifærum og þjónustu. Skólar, flugvöllur og verslanir á Egilsstöðum styðja við byggð niðri á fjörðum. Þannig nýtur nágrenni jafnan góðs af þéttbýliskjörnum.



Hagvöxtur 2009-2013.




Skipting framleiðslu á atvinnugreinar 2013

Suðurnes

Framleiðsla dróst saman í þessum landshluta öll árin frá 2010 til 2012 og mikið 2010 og 2012, en hagvöxtur mældist töluverður 2013. Hér verður að vísu að setja fyrirvara um tölur fyrir einstök ár. Samtals mældist 12% samdráttur í framleiðslu frá 2009 til 2013. Hluttur Suðurnesja í landsframleiðslu var um 5% árið 2013. Fasteignaverð lækkaði um 27% að raungildi frá 2009 til 2013, meira en í nokkrum öðrum landshluta. Fólki fjölgaði mikið til 2008 – meira en annars staðar á landinu – en frá 2009 til 2013 fækkaði fólki örlítið í þessum landshluta. Summa launa fylgdi nokkurn veginn launum á landinu öllu. Samdráttur virðist einkum vera í fjármálafyrirtækjum, fasteignafélögum og þess háttar starfsemi. Mikil uppbygging var í Reykjanesbæ á árunum fram að hruni. Mikið af íbúðarhúsnæði losnaði þegar bandaríska herliðið fór frá Keflavíkurflugvelli 2006, en að auki var mikið byggt í Keflavík og Njarðvík árin á eftir. Íbúðalánasjóður lánaði stórfé til fasteignafélaga á svæðinu. Auk þess voru mikil umsvif í Sparisjóðnum í Keflavík. Töluverðu var kostað til úr ríkissjóði til þess að endurreisa sjóðinn eftir að bankarnir hrundu, en það dugði ekki til. Fasteignafélögin fóru mörg á höfuðið, en til skamms tíma hafa fjölmörg hús staðið auð á Suðurnesjum. Á móti kemur uppbygging í verslun og samgöngum, sem væntanlega tengist flugstöðinni á Keflavíkurflugvelli og ferðaþjónustu í kringum hana.


Verslun, hótél, veitingastarfsemi og samgöngur eru fjórðungur af framleiðslu á Suðurnesjum og er það mun hærra hlutfall en annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Þarna munar að sjálfsögðu mest um Keflavíkurflugvöll og aðra ferðaþjónustu, ekki síst Bláalónið. Hluttur sjávarútvegs er hins vegar minni en víða annars staðar utan höfuðborgarinnar. Lengi vel virtust umsvif á flugvellingum þrengja að sjávarútvegi í þessum landshluta. Fiskveiðar drógust mikið saman á Suðurnesjum mestallt það



tímabil sem hér er til skoðunar, en fiskvinnsla hefur hins vegar eflst. Þar ræður einkum nábýli við útflutningsstaði, Keflavíkurflugvöll og Reykjavíkurhöfn. Nær enginn landbúnaður er stundaður á Suðurnesjum.

Skipting launa á atvinnugreinar gefur hugmynd um það hvar fólk vinnur. Árið 2013 var rúmur fjórðungur launa á Suðurnesjum í sjávarútvegi og hafði hlutfallið hækkað heldur frá 2009. Hluttur verslunar, samgangna og hótela o.þ.h. í launum óx úr tæpum fjórðungi í tæp 30% á tímabilinu, en hluttur fjármálafyrirtækja, fasteignafélaga og skyldra greina var um 11%. Hluttur hins opinbera breytist lítið, en rúmur fimmtungur launasummunnar er þar.

Hagvöxtur 2009 til 2013




Skipting framleiðslu 2013

Vesturland

Hagvöxtur mældist hvergi meiri á landinu en á Vesturlandi á árunum 2009-2013, eða 13%. Tölurnar fá að vísu lítinn stuðning af öðrum hagtölum. Fólki fækkaði um tæpt prósent á Vesturlandi frá 2009 til 2013 og launasumma hækkaði 4-5% minna en á landinu öllu. Því er líkast til varlegast að hinkra eftir fleiri tölum áður en gert er mikið úr hagvexti á Vesturlandi á þessu árabili. Að vísu má nefna að drjúgur hluti framleiðslunnar er í stóriðju á Grundartanga, en fremur fáir vinna í stóriðju miðað við virði framleiðslunnar. Mestur virðist hagvöxturinn vera í stóriðju og veitum, öðrum iðnaði og starfsemi hins opinbera. Vaxandi umsvif mælast bæði í skólastarfi og heilbrigðisþjónustu. Öll árin var hagvöxtur meiri en að jafnaði á landinu öllu, nema árið 2012. Árin 2011 og 2013 mældist sérstaklega mikill vöxtur í þessum landshluta. Árið 2013 var framleiðsla á Vesturlandi um 5% landsframleiðslu.


Hlutdeild stóriðju og veitna er yfir 30% af framleiðslu á Vesturlandi. Hlutdeildin óx um nokkur prósent frá 2009 til 2013. Hlutdeild sjávarútvegs er hins vegar heldur minni en annars staðar í landsbyggðunum, eða um 12% árið 2013. Athygli vekur einnig að hlutdeild verslunar, hótela, veitingahúsa, samgangna og skyldra greina er aðeins 10% og hefur heldur minnkað frá 2009, þrátt fyrir mikla fjölgun erlendra ferðamanna hér á landi. Hlutdeild þessara greina er aðeins jafnlítill á Austurlandi. Ferðamenn virðast ekki staldra mikið við í þessum landshluta ef marka má tölurnar – að minnsta kosti eyða þeir ekki miklum peningum þar. Hlutur landbúnaðar er einnig lítill á Vesturlandi, eða aðeins um 2% af framleiðslu.



Stóriðja vegur mun þyngra í framleiðslu en í launum. Í launum standa tveir geirar upp úr á Vesturlandi, sjávarútvegur, með þriðjung launasummunnar og rekstur hins opinbera með um fjórðung. Í verslun, hótélrekstri og skyldum greinum eru 13% launasummunnar, 10% eru í stóriðju og 6% í öðrum iðnaði en stóriðju og fiskvinnslu.

Horfur eru á að hlutur stóriðju í framleiðslu fari enn vaxandi á komandi árum, því að ráðgert er að smíða tvö kísilver á Grundartanga á næstunni.


Hagvöxtur 2009 til 2013




Skipting framleiðslunnar 2013

Vestfirðir

Framleiðsla á Vestfjörðum dróst saman um 11% frá 2009 til 2013. Samkvæmt þessari mælingu minnkuðu efnahagssumsvif á Vestfjörðum öll árin sem hér eru skoðuð, nema árið 2013. Hluttur Vestfjarða í landsframleiðslu er nú um 1½%. Umsvif hafa dregist saman í sjávarútvegi, en tölum ber ekki saman um hve samdrátturinn er mikill. Svo er að sjá af rekstrarreikningum að afkoma sjávarútvegs á Vestfjörðum hafi versnað á því tímabili sem hér er skoðað og að hún sé verri en í öðrum landshlutum. Umsvif hafa einnig minnkað í byggingum og fjármálastarfsemi og skyldum greinum. Sums staðar má þó sjá batamerki. Mikil uppbygging í fiskeldi, einkanlega á suðurfjörðum Vestfjarða, hefur haft góð áhrif á atvinnulíf og íbúapróun. Vonast er til að sú uppbygging eigi eftir að skila enn meiru. Launasumma á Vestfjörðum lækkaði um 10% frá 2009 til 2013 miðað við breytingar launa á landinu öllu. Fólki fækkaði um 6% á tímabilinu. Fasteignaverð hefur að vísu heldur þokast upp á við undanfarin ár, en það breytir því þó ekki, að húsnæði er miklu ódýrara á Vestfjörðum en í öðrum landshlutum. Nú er framleiðsla á mann á Vestfjörðum um það bil 70% af landsmeðaltali, en heildarlaun á hvern íbúa eru þó ekki minni en að jafnaði annars staðar. Sú var tíðin að heildarlaun voru hvergi hærrí. Hlutfall innflytjenda (fyrstu og annarrar kynslóðar) er um 13% og herra en í flestum öðrum landshlutum. Hæst er hlutfallið í Bolungarvík og á sunnanverðum Vestfjörðum. Um 7.000 manns eiga nú heima á Vestfjörðum og eru langflestir, eða tæp 5.000, í innan við hálf tímaakstursfjarlægð frá Ísafirði. Jarðgöng og aðrar samgöngubætur hafa stuðlað að eflingu þessa atvinnusvæðis. Göng sem tengja Ísafjörð og Bolungarvík voru opnuð árið 2010, en færð gat verið erfið að vetrarlagi um Óshlíð, sem áður var farin. Ári fyrr var opnaður vegur um Arnkötuldal og Þröskulda milli Króksfjarðarness og Steingrímsfjarðar. Þá var í fyrsta sinn hægt að aka alla leiðina frá Ísafirði til Reykjavíkur á bundnu slitlagi. Um leið styttist vegalengd milli þessara



Hagvöxtur 2009-2013



Skipting framleiðslu 2013

staða um 42 km eða tæp 10%. En bætтар samgöngur virðast ekki nægja til þess að sporna gegn fólksfækkun á Ísafirði og næsta nágrenni. Frá 2009 til 2013 fækkaði fólki í byggðakjarnanum um 6%.

Sjávarútvegur er enn sem fyrr mikilvægasta atvinnugreinin, en hluttur hennar í framleiðslu dróst saman frá 2009 til 2013 ef marka má þá mælingu sem hér er skoðuð. Sjávarútvegur er hvergi jafnmikil undirstaða byggðar og á Vestfjörðum og á Austurlandi. Þá vegur opinber þjónusta þyngra í framleiðslu en í flestum öðrum landshlutum. Hluttur hennar hefur farið vaxandi undanfarin ár. Hlutfall byggingarstarfsemi er 5% og hefur skroppið saman um tæpan helming frá 2009.


Skipting launa gefur mikilvæga vísbendingu um áhrif einstakra atvinnugreina á atvinnu og byggð. Árið 2013 voru tæp 50% launasummu á Vestfjörðum í sjávarútvegi. Hefur hlutdeildin heldur vaxið frá 2009. Mun minna munar um laun í byggingarstarfsemi en áður, en hluttur verslunar, samgangna og skyldra greina hefur heldur aukist.

Norðurland vestra

Svipaður hagvöxtur var á Norðurlandi vestra og á landinu öllu frá 2009 til 2013, eða um 4%. Launagreiðslur hækkuðu álíka mikið og heildarlaun á landinu öllu. Á hinn bóginn fækkaði fólki um 3% á tímabilinu. Samdráttur mældist í framleiðslu árið 2012 en hin árin óx framleiðsla. Byggingar og fjármálastarfsemi hafa heldur dregist saman undanfarin ár. Vöxtur dreifist hins vegar á margar atvinnugreinar. Meðal annars hefur verið nokkur vöxtur í sjávarútvegi, landbúnaði og verslun, samgöngum og skyldum greinum undanfarin ár. Hluttur Norðurlands vestra í landsframleiðslu var ríflega 1½% árið 2013.


Á Norðurlandi vestra er byggð tiltölulega dreifð. Jafnframt má segja að vinnuafli dreifist jafnar á atvinnugreinar en víða annars staðar. Þessi landshluti er sá eini að frátöldu Suðurlandi, þar sem verulega munar um landbúnað. Í Skagafirði er þó öflugt atvinnusvæði með um 4.000 íbúum. Opinber þjónusta er stærri hluti framleiðslu á Norðurlandi vestra en í öðrum landshlutum, en hluttur sjávarútvegs er minni en annars staðar utan höfuðborgarsvæðisins. Ekki hafa orðið miklar breytingar í hlutdeild einstakra atvinnugreina í framleiðslu á Norðurlandi vestra undanfarin ár.

Um þriðjungur launagreiðslna í þessum landshluta er í sjávarútvegi og hefur hlutdeildin vaxið úr tæpum 30% á tímabilinu. Þá hefur hlutdeild verslunar, samgangna og tengdra greina vaxið heldur og er hún nú tæp 15%. Þá er tæpur þriðjungur launasummunnar í opinberri þjónustu og hefur hluttur hennar dregist saman á því tímabili sem hér er skoðað.



Norðurland vestra er ásamt Vestfjörðum eini landshlutinn þar sem fólki hefur fækkað frá aldamótum. Hagvöxtur hefur aðeins verið minni á Vestfjörðum. Þetta kann að eiga sér þá skýringu, meðal annars, að byggð er dreifð og engir mjög stórir þéttbýlisstaðir, en vöxtur virðist almennt vera mestur þar sem þéttbýlast er.

Mynd 10. Skipting framleiðslu 2013




Skipting framleiðslu


Norðurland eystra

Hagvöxtur var samtals 3% á Norðurlandi eystra frá 2009 til 2013, eða heldur minni en á landinu öllu. Töluverður vöxtur mældist árið 2011, en önnur ár sem hér eru skoðuð var hagvöxtur minni á Norðurlandi eystra en annars staðar. Mannfjöldi stóð nokkurn veginn í stað frá 2009 til 2013. Summa launa jókst hins vegar um 2% meira en á öllu landinu. Fólki fjölgaði um 2% á Akureyri, en á Dalvík, Siglufirði, Ólafsfirði og í sumum sveitahreppum fækkaði íbúum um 3-4% eða meira frá 2009 til 2013. Raunar fækkaði íbúum Fjallabyggðar (Siglufjarðar og Ólafsfjarðar) um rúm 20% frá aldamótum til ársloka 2010, en eftir að göng voru opnuð um Héðinsfjörð 2011 hefur fólksfjöldinn haldist svipaður. Á Norðurlandi eystra hefur vöxtur verið í sjávarútvegi og verslun, hótélrekstri og skyldum greinum, veitum, iðnaði og landbúnaði en á mótí hefur opinber þjónusta dregist saman. Ekki kemur á óvart að uppgangur sé í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Fjölmargir ferðamenn koma til Akureyrar og Mývatns, ekki síst farþegar af skemmtiferðaskipum. Skipakomum hefur fjölgað mikið undanfarin ár, en óvíst er reyndar að hver og einn ferðamaður eyði miklum peningum í landi. Hluttur Norðurlands eystra í landsframleiðslu var um 7% árið 2013.

Á Norðurlandi eystra er annar stærsti þéttbýliskjarni landsins. Ýmiss konar þjónusta er öflug, þótt hún sé ekki nærri jafnhátt hlutfall af framleiðslu og á höfuðborgarsvæðinu. Sjávarútvegur er jafnframt sterkur og hefur hlutdeild hans í framleiðslu heldur aukist frá 2009 til 2013. Almennt hefur skipting á atvinnugreinar ekki breyst mikið á tímabilinu.



Hagvöxtur 2009 til 2013



Skipting framleiðslu 2013


Skipting launa á atvinnugreinar segir töluvert um mikilvægi einstakra atvinnugreina fyrir byggðina. Um þriðjungur launa er í sjávarútvegi, en hlutdeild hans hefur sveiflast nokkuð á tímabilinu. Hluttur verslunar, samgangna, hótela og skyldra greina jókst á tímabilinu og var rúm 15% árið 2013. Í bönkum, fjármálaþjónustu, fasteignafélögum og skyldum greinum eru hins vegar um 10% launasummunnar. Tæpur þriðjungur er í opinberri þjónustu og hefur hlutdeild hennar minnkað töluvert á tímabilinu.

Erlendir fjárfestar eru að hefja framkvæmdir við kísilver á Bakka við Húsavík, sem framleitt getur 32 þúsund tonn á ári af kísil í fyrsta áfanga. Rafmagn kemur frá nýrri jarðgufuvirkjun Landsvirkjunar á Þeistareykjum, en afl hennar er talið verða tæp 50 MW.

Austurland


Hagvöxtur var um 1% á Austurlandi frá 2009 til 2013, nokkru minni en á landinu öllu. Tímabilið var umhleyplingasamt, því að vöxtur var mun meiri en á landinu öllu árin 2010 og 2011, en árin 2012 og 2013 dróst framleiðsla saman. Fólki fækkaði á Austurlandi um 1½% á tímabilinu, en launasumma hækkaði um 2-3% umfram landsmeðaltal. Mikill vöxtur mældist í umsvifum stóriðju og sjávarútvegur þandist líka út, en samdráttur var í flestum öðrum atvinnugreinum, einkum þó byggingarstarfsemi. Síldveiðar drógust saman á seinni hluta tímabilsins, en ekki er að sjá að heildaraflaverðmæti hafi dregist saman. Samdráttur í byggingum kemur ekki á óvart, því að árið 2009 var að ljúka miklum virkjana- og álversframkvæmdum, en þeim tengdust töluverðar fjárfestingar í íbúðarhúsnæði og innviðum. Mannvirkjagerð hélt þó áfram af nokkrum krafti, því að frá 2010 var unnið að smíði kersmiðju við álverið og árið 2013 hófst vinna við Norðfjarðargöng. Hluttur Austurlands í landsframleiðslu var um 4% árið 2013.

Sjávarútvegur hefur lengi verið kjölfesta í atvinnulífi Austfirðinga en nú hefur stóriðja í Reyðarfirði bæst við. Fáskrúðarfjarðargöng gerðu íbúum á Fáskrúðsfirði, Stöðvarfirði og í Breiðdalsvík kleift að sækja vinnu í álverinu, en í þessum þrem þorpum eiga nú heima um þúsund manns. Ný jarðgöng milli Norðfjarðar og Eskifjarðar styrkja einnig vinnumarkaðinn. Ráðgert er að þeim verði lokið árið 2017. Á Egilstöðum er miðstöð samgangna, mennta og verslunar, sem nýtist fjörðunum. Nú eiga rúmlega 9 þúsund manns heima í innan við klukkutímaakstursfjarlægð frá Egilsstöðum. Norðfjarðargöng stytta leiðina þangað að vísu lítið, en hún verður greiðari að vetrarlagi. Opinber þjónusta er um 13% af framleiðslu á Austurlandi. Það er mun lægra hlutfall en í flestum öðrum landshlutum.



Skipting launasummu gefur vísbendingu um hvar fólk vinnur. Langstærstur hluti launatekna kemur enn úr sjávarútvegi, eða 35-40%. Í opinberri starfsemi er rúmur fimmtungur launasummunnar og rúm 10% í stóriðju. Verktakagreiðslur eru hér ekki taldar með launum. Stundum eru þessar greiðslur ígildi launa, en hluti af þeim eru aðföng og þær þá ekki sambærilegar við laun. Þetta skiptir einkum máli fyrir hlut stóriðjunnar en hún stýðst mjög við þjónustu verktaka.

Hagvöxtur 2009 til 2013




Skipting framleiðslu 2013

Suðurland

Hagvöxtur var um 1½% á Suðurlandi á árunum 2009 til 2013, nokkru minni en á öllu landinu. Mannfjöldi stóð nokkurn veginn í stað, en launagreiðslur jukust um 3% umfram landsmeðaltal. Vöxtur var svipaður og á landinu öllu árið 2010 og kröftugur árið 2011, en undir núlli – og landsmeðaltali – árin 2012 og 2013. Góður vöxtur var í verslun, veitingum, gistingu og skyldum greinum. Sjálfsagt stafar þetta einkum af fjölgun ferðamanna. Þá jukust umsvif nokkuð í sjávarútvegi og landbúnaði og iðnaði. Mikinn vöxt í fiskveiðum árið 2011 má skýra með makrílaflo. Uppgangur var í fiskvinnslu á fyrri hluta tímabilsins, en samdráttur seinni árin. Umtalsverður vöxtur hefur verið í mörgum greinum landbúnaðar. Uppgangur í iðnaði má sjálfsagt að miklu leyti skýra með lágu gengi krónunnar eftir hrunið 2008. Mikill samdráttur var hins vegar í starfsemi fjármálafyrirtækja, trygginga og fasteignafélaga. Útibúum banka og tryggingarfélaga hefur fækkað. Hluttur Suðurlands í landsframleiðslu var um 5% árið 2013.


Hluttur fjármálafyrirtækja, fasteignafélaga og skyldra greina í framleiðslu dróst saman úr tæplega 30% í tæpan fjórðung frá 2009 til 2013. Á hinn bóginn jókst hlutdeild verslunar, hótela og þess háttar úr 12% í 15%. Suðurland er helsta landbúnaðarhéraðið. Þar eru framleidd tæp 40% búvara sem verða til hér á landi. Hluttur landbúnaðar er nú 8% af framleiðslu á Suðurlandi, en 1% á landinu

öllu. Að öðru leyti breyttist hlutfall atvinnugreina ekki mikið á þeim árum sem hér eru til skoðunar.



Hlutdeild sjávarútvegs er mun hærra í launum en framleiðslu, eða rúmur þriðjungur, en tæp 30% launasummunnar eru í opinberri starfsemi. Hlutdeild verslunar, samgangna og skyldra greina er tæp 15% af launasummunni. Hlutdeild sjávarútvegs í launum hefur heldur vaxið, en hluttur hins opinbera rénað á tímabilinu.

Hagvöxtur 2009-2013



Skipting framleiðslu